

Eitt sinn var ég á göngu. Ég gekk áður ókunna leið, ég ákvað að prófa nýja nálgun, ég ákvað að upplifa frá öðru sjónarhorni og gekk frá þeirri gengnu yfir á þá óþekktu. Leiðin varð fljótt grýttari en sú fyrri en ég hélt för minni áfram í hægum og rólegum takti. Margt nýtt bar fyrir augu, margt var framandi meðan annað var kunnulegt. En ég sá þig. Ég sá kræklóttu tréið sem barðist við að teygja greinar sínar til himins. Ég sá það umvafið hávöxnu grasinu. Ég sá að aðrar plöntur gerðu sitt í að kæfa það og hefta vöxt þess. Enn þann dag í dag skil ég ekki hvað varð til þess að ég stöðvaði för mína og kraup að trénu. Ég nam staðar og tók til við að ýta grasinu frá, ég reif annað upp með rótum en að lokum var tréið orðið frjálst og hafði betri möguleika á að njóta sólar og andrýmis. Daglega þetta sumar, kom ég og gaf trénu tíma og orku, og svo það næsta og það þriðja. Frá fyrsta degi sá ég að ég hafði gert rétt. Tréið tók að vaxa. Hver dagur færði mér ný undur. Greinar þess urðu beinar og fagrar og urðu líkar höndum sem teygja sig í átt til sólar. Smátt og smátt styrktist stofninn og tréið óx og þroskaðist og eftir því sem árin liðu fjarlægðist það grösin sem áður héldu því niðri. Ég sá hvernig tréið varð sjálfstæðara í eigin tilveru. Það varð að sjálfstæðum og fallegum einstaklingi sem varð engum háður nema sjálfum sér. Það varð að einstaklingi sem gat gefið af sér til annarra. Ég sá hvernig fuglar fundu sér skjól í lafinu, ég sá hvernig könglulær ófu furðuveraldir í greinunum. Nú nýt ég þess sem tréið er, nú kem ég ekki lengur til þess vegna þess að það þarf mín. Ég kem vegna þess að ég þarf það. Ég upplifi fegurðina, ég upplifi lífið, ég upplifi gleðina við það að hafa gefið. Engu síður kem ég enn oft með klippurnar og hreinsa grös sem reyna að keppa við vöxt þess fagra trés sem nú er. Ég fylgist enn með því ég finnst hjarta mér að tilvera trésins og fegurð varð því ég tók ákvörðun, ég gaf lífinu gaum.